

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita  
Ellisif Malmo Bjarnadóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 17. mars 2023  
UST202303-046/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029 – Krækishólar**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 6. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á breytingu á aðalskipulagi vegna breyttrar landnotkunar Krækishóla.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á breytta landnotkun á 10 ha landi innan svæðis F25 Mörk og Krækishólar. Nú er svæðið skilgreint sem frístundabyggð en fyrirhugað er að breyta því í íbúðabyggð.

Í greinargerð kemur fram að innan svæðisins er Þjórsárhraunið hið mikla sem nýtur sérstakra verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.<sup>1</sup> Svæðið er nú þegar orðið nokkuð gróið og skal staðsetja hús og mannvirki í samræmi við verndargildi svæðisins.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Björn Stefánsson  
**sérfræðingur**

---

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>